

Mánudaginn 1. október 1984.

Nr. 10/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Björgvin Kristjánssyni

(Jón Oddsson, hrl.)

Hilming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. desember 1983. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun og málsvarnarlaun, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Björgvin Kristjánsson greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. september 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 22. september var á dómþingi Sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7 í Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni, sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 415-416/1983: Ákærvaldið gegn Björgvini Kristjánssyni og R, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl 1983, gegn ákærða „Björgvini Kristjánssyni, Borgartúni 32, Reykjavík, fæddum 3 nóvember 1956 þar í borg, og R fyrir hilmingu með því að hafa, laugardagskvöldið 20. júní 1981, farið með B, að bifreiðinni R-27760,

sem stóð á Frikirkjuvegi í Reykjavík, og sótt í hana 2 kassa af gosdrykk og tvær dósir af skinku, sem ákærðu vissu, að B hafði stolið með öðrum mönnum, flutt á Hverfisgötu 58 í Reykjavík og neytt þar matvælanna.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Björgvins Þórs Kristjánssonar hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

[Sakavottorð tilgreinir engan refsidóm, en sex sektargreiðslur ákveðnar með dómsátt].

— — —
Málsatvik eru þessi:

Ákærðu hafa báðir skýlaust játað fyrir dómi, að þeir hafi að kvöldi laugardagsins 20. júní 1981 farið með manni að nafni B að bifreiðinni R-27760, sem stóð á Frikirkjuvegi í Reykjavík; tekið þar tvo gosdrykkjaskassa og tvær skinkudósir, farið með þær að Hverfisgötu 58 og neytt þeirra þar, enda þótt þeim hafi verið kunnugt um, að nefndur B hefði fyrr um daginn komist yfir matvæli þessi á refsiverðan hátt.

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Björgvins ákveðst fangelsi 30 dagar. Þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur sekur um auðgunarbrot, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Refsing ákærða R þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 30 dagar. Dæma ber ákærðu til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Björgvin Kristjánsson sæti fangelsi 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði R sæti fangelsi 30 daga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.